

Reglur Fljótsdalshéraðs um dagvist eldri borgara

Markmið og markhópar

1. gr.

Megintilgangur dagvistar eldri borgara hjá Fljótsdalshéraði er að vera stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið heima.

2. gr.

Dagvist er ætluð einstaklingum eldri en 67 ára sem eiga lögheimili á Fljótsdalshéraði og búa í heimahúsum. Stuðst er við lög um málefni aldraðra nr. 125/1999 varðandi reglur þessar.

Skipulag þjónustunnar

3. gr.

Dagvist eldri borgara er veitt í Hlymsdölum, Miðvangi 6, Egilsstöðum.

Dagvist er starfrækt alla virka daga frá kl. 9:00 til kl 17:00. Misjafnt er hversu oft í viku og hvaða daga hver einstaklingur sækir þjónustuna.

4. gr.

Boðið er upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, þjálfun, tómsundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs.

Gjaldtaka

5. gr.

Notendur greiða daggjald fyrir veru sína í dagvistinni samkvæmt reglugerð um daggjöld fyrir hjúkrunar-, dvalar- og dagvistarrými, sem ekki eru á föstum fjárlögum, eins og hún er hverju sinni.

Afgreiðsla umsókna

6. gr.

Umsóknir um dagvist aldraðra berist til félagsþjónustunnar á sérstökum eyðublöðum sem er að finna á heimsíðu sveitarfélagsins. Verkefnastjórar meta þörf umsækjanda fyrir þjónustu og afgreiða umsóknir. Óskað skal eftir gögnum frá heimilislækni, starfsmönnum heimahjúkrunar eða öðrum þeim er til þekkja við mat á umsókn.

Umsækjandi fær skriflegt svar um niðurstöðu innan þriggja vikna frá því að umsókn berst.

Áfrýjun

7. gr.

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun félagsþjónustunnar til félagsmálanefndar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðunina. Félagsmálanefnd skal þá fjalla um erindið og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Gildistaka

8. gr.

Reglur þessar taka gildi 17. september 2012
Samþykkt í félagsmálanefnd 17. september 2012